

Reykjavík, 16. maí 2012

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga  
um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, með síðari breytingum (réttur og  
ábyrgð nemenda og efnisgjöld). um Þingskjal 1150 — 715. mál.**

(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja breytingar þær sem koma fram í umræddu frumvarpi til bóta og til þess fallnar að auka rétt nemenda í framhaldsskólum og stuðla að því að framhaldsskólinn sé fyrir öll ungmenni á framhaldsskólaaldri.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru. Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og íslenskum lögum er einstaklingur barn til 18 ára aldurs. Foreldrar bera höfuðábyrgð á uppeldi barna sinna og að veita þeim leiðsögn og stuðning. Samkvæmt 12. og 13. grein sáttmálans eiga börn rétt á að tjá sig og láta skoðanir sínar í ljós og ber yfirvöldum að taka réttmætt tillit til skoðana barna. Samkvæmt 28.gr. sáttmálans skal agi í skólum samrýmast mannlegri reisn barnsins og vera í samræmi við barnasáttmálann. Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á mikilvægi þess að þetta sé haft að leiðarljósi þegar settar eru reglur um aga í framhaldsskólum, hvernig tekið er á agamálum og um samskipti nemenda og starfsfólks.

**Barnaheill- Save the Children á Íslandi gera eftirfarandi athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins:**

**I. Athugasemd við a. (33. gr. a.) um ábyrgð nemenda.**

1. Í 2. gr. frumvarpsins, 2. mgr. segir: *Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks framhaldsskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og sammendur.* Samtökin ítreka mikilvægi þess að 28. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sé höfð í heiðri og fyrirmæli, skólareglur og samskipti nemenda og starfsfólks samrýmist mannlegri reisn nemenda. Jafnframt er mikilvægt að nemendur hafi tækifræi til að tjá sig um eigin málefni, láta skoðanir sínar í ljós og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra.
  
2. Í 2.gr. frumvapsins er kveðið á um að ef hegðun nemanda er ábótavant sé hægt að vísa honum tímabundið eða ótímabundið úr skóla meðan mál hans skv. 3. mgr. 2.gr. frumvarpsins, sé útkljáð. Í athugasemnum um frumvarpið segir að gert sé ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd greinarinnar.  
Barnaheill- Save the Children á Íslandi telja mikilvægt að í reglugerðinni komi skýrt fram fyrir hvers konar brot sé hægt að vísa nemanda úr skóla, s.s. broti á skólareglum svo það sé ekki háð geðþóttákvörðun skólayfirvalda að vísa nemanda úr skóla.  
Samtökin telja jafnframt mjög mikilvægt að sé nemanda vísað úr skóla tímabundið eða ótímabundið sé honum samhliða fundið annað úrræði, þannig að ekki verði rof á skólagöngu hans. Samtökin telja að það sé nemandanum og samféluginu öllu fyrir bestu. Það er jafnframt í samræmi við lög um framhaldsskóla sem samþykkt voru árið 2008, en þar var í fyrsta sinn skilgreindur í lögum réttur nemenda til náms í framhaldsskóla, m.a. með innleiðingu fræðsluskyldu til 18 ára aldurs sem legðist á stjórnvöld.

## **II Athugasemd við b. (33. gr. b.) um skólabrag.**

Barnaheill- Save the Children á Íslandi fagna þeim áherslum sem eru í 2. gr. frumvarpsins (gr. 33 b) um skólabrag. Samtökin taka undir það að allt skólasamfélagið skuli leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag, en leggja þó áherslu á að góður skólabragur er aðallega á ábyrgð stjórnda, kennara og starfsfólks skólanna.

Samtökin fagna því að skólum sé gert að setja skólastreglur, þar sem kveðið er á um almenna umgengni, samskipti, heilbrigðar lífsvenjur, skólasókn, námsframvindu, meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga og að birta skuli skólastreglur í skólanámskrá. Slíkt er til hagsbóta fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skóla og gerir það að verkum að síður er beitt geðþóttaákvörðunum við beitingu viðurlaga.

Samtökin vilja sérstaklega fagna því ákvæði um að framhaldsskólar skuli hafa heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi og áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum og jafnframt um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun. Barnaheill- Save the Children á Íslandi telja slíkt mikið framfaraskref börnum á Íslandi til heilla.

## **Barnaheill- Save the Children á Íslandi gera eftirfarandi athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins:**

Barnaheill- Save the Children á Íslandi mæla gegn því að ákvæði um innheimtu efnisgjalds af nemendum sem njóta verklegrar kennslu vegna efnis sem skóli léti þeim í té og þeir þyrftu að nota í námi sínu, verði framlengt. Samtökin telja slíkt mismuna nemendum eftir því hvenær þeir stunda nám og jafnframt geti stuðlað að því að nemendur farið ekki í verknám. Jafnframt leggja samtökin til að skoðað verði heildstætt hver kostnaður framhaldsskólanemenda og foreldra þeirra er vegna kaupa á námsgögnum fyrir nemendur og leitað verði leiða til að draga úr kostnaði. Samtökin telja að námsgögn skuli vera nemendum að kostnaðarlausu til 18 ára aldurs.

Virðingarfyllst,

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ágúst Þórðarson,  
framkvæmdastjóri